

Upplifunarsíður í borðabókunum


Síðast uppfært 24/06/2026 11:31 am BST

Upplifunarsíður eru frábær leið til þess að kynna sérstaka viðburði eða upplifanir sem eru í boði á þínum veitingastað. Þær gera þér kleift að búa til kynningarsíðu sem er auðvelt að deila með viðskiptavinum.

Hvernig virkar þetta?

-> Þú einfaldlega stofnar viðburðinn/upplifunina í borðabókunarkerfinu og setur þar inn mynd, lýsingu og verð á viðburðinum.

-> Þá stofnast hlekkur sem þú getur auðveldlega afritað og sent á viðskiptavini eða deilt honum á samfélagsmiðlum.



Útlit

Dæmi um hvernig upplifunarsíða getur litið út.



Smakkeðill

Upplifun
20.990 kr.

Bóka

Lýsing

Leyfðu okkur að leiða þig í gegnum einstaka matarupplifun þar sem bragð, áferð og frumleg hugmyndafraði mætast í hverjum bita. Smakkeðillinn okkar býður upp á úrval rétta sem endurspeglar árstíðirnar og ferskustu hráefnin sem í boði eru.

Þú getur valið á milli smakkeðils með vínþörun eða án áfengis, þar sem drykkirnir eru sérvaldir til að lyfta bragðinu og gera upplifunina heildstæða. Hvort sem þú kyst vín, kokteila eða áfengislausu drykki, tryggjum við að hvert glas sé hugsað með sama metnaði og hver réttur.

Komdu og njóttu kvölds þar sem allt snýst um smekk, stemminu og aðrar stundir.

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbútbluna eða í tölvupósti á hq@noona.is ef einhverjar spurningar eða pælingar vakna.